

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið eftirfarandi:

1. Að banna bifreiðastöður við vesturkant Tangarbryggju.
Stöðubannið skal merkt með umferðarmerkinu B21.11 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.
2. Að Tryggvagata verði einstefna til vesturs á milli Pósthússtrætis og Naustarinnar.
3. Að Brattagata verði einstefna í vestur frá Aðalstræti að Mjóstræti.
4. Að Fischersund verði einstefna í vestur frá Aðalstræti að Mjóstræti.
Einstefnu skal merkja með umferðarmerkinu D07.11 og B01.21 við hinn enda götunnar þar sem einstefnu lýkur samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.
5. Að við Mjóstræti 2b verði innakstur bannaður í suðurátt með undirmerki fyrir undanþágu „nema sorpbifreiðar“ sem verði heimilt að aka frá bílastæðahúsi suður Mjóstræti.
Merkja skal með umferðarmerkinu B01.21 við enda götunnar þar sem einstefnu lýkur með undirmerki J um afmarkaða unndanþágu samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.
6. Að vinstri beygja verði bönnuð frá Fischersundi suður Mjóstræti.
Merkja skal með umferðarmerkinu B30.12 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, 23. janúar 2019.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 14. febrúar 2019